

## Fundur stjórnar FMR 30. október 2019 kl. 17:00-18:00

Mættir: Bryndís Kristjánsdóttir, Erlendur Svavarsson, Áslaug Kristjánsdóttir, Gylfi Magnússon og Sigríður Björnsdóttir

1) Bryndís var kosin formaður FMR og Gylfi Magnússon varaformaður. Sigríður Hermannsdóttir heldur áfram sem gjaldkeri og Sigríður Björnsdóttir sem ritari.

2) Samþykkt og skrifað undir af þeim sem voru á staðnum breytingartillögur sem Bryndís Kristjánsdóttir kynnti á Aðalfundi félagsins 15. okt.

3) Sendir voru út 628 valgreiðsluseðlar með gjalddaga 1. nóvember. 87 hafa greitt og 28 hafa fellt niður kröfurnar. Sent út áminning á FB síðuna í síðustu viku. Sigríður Hermannsdóttir mun minni á og setja inn bankabókanúmer og kennitölu félagsins inn á FB síðuna fljótlega.

4) Jólball verður 18. desember, árshátíð um miðjan febrúar og líklega eitt ball að auki. Rætt að virkja fleiri foreldra að hjálpa til með gæsluna. Hægt að auglýsa fyrir böllin á FB síðu foreldrafélagsins.

5) Stefnum á Foreldravöldi í mars 2020 í MR. Áslaug Kristjánsdóttir mun kanna hvort Sigga Dögg kynfræðingur geti komið og haldið fyrirlestur fyrir foreldra. Hún hefur oft haft þann háttinn á að tala við nemendur í skólum áður en hún heldur fyrirlestur fyrir foreldra. Áslaug mun kanna kostnað í samband við það og ef svo verður þá er hægt að kanna hjá Elísabetu hvort áhugi væri hjá skólanum að hún kæmi t.d á Temadaga skólans.

6) Allir í stjórn geta sett inn tilkynningar á FB síðu FMR. Endilega að setja inn upplýsingar frá skólanum. Nemendur sem eru að vinna keppnir á vegum skólans, upplýsingar frá Herranótt og svo framvegis.

7) Stefnum á næsta stjórnarfund um miðjan janúar 2020.

Fundi slitið.

Við tölvuna.

Sigríður Björnsdóttir